

Nauðsyn Rannsóknastofnunar í innflytjendamálum

Birgir Guðmundsson, prófessor við Háskólann á Akureyri.

*Byggðaráðstefnan 2025: Félagslegur fjölbreytileiki samfélaga, jafnvægi, áskoranir
eða vannýtt sóknarfæri?*

Skjólbrekku Mývatnssveit, 4 nóvember


RMI við Háskólann á Akureyri

- Þann 30. október, nú fyrir helgina, tók háskólaráð Háskólans á Akureyri fyrir að sett yrði á fót Rannsóknarmiðstöð um innflytjendamál við skólann. Miðstöðin mun heyra undir Hug- og félagsvísindasvið, en hafa sérstaka stjórn og verða fyrst og fremst fjármögnuð af styrktarfé.



Af hverju RMI?

- Hlutfall innflytjenda hefur margfaldast síðustu tvo áratugi,
- Stærsta samfélagsbreyting síðari ára
- Skortur er á rannsóknum um stöðu og aðstæður innflytjenda og flóttafólks á Íslandi.
- Kallar á markvissar rannsóknir og upplýsta umræðu um áhrif hennar á samfélagið – bæði nú og til framtíðar



Grænbók og hvítbók um málefni innflytjenda og flóttamanna

- Lögð er áherslu á í grænbók að:
 - efla rannsóknir á og með innflytjendum,
 - bæta og samræma gagnaöflun,
 - stofna vettvang fyrir þekkingar- og samstarfsmál,
 - og tryggja að rannsóknir nýtist í stefnumótun stjórnvalda.

Þessar áherslur eru ítrekaðar í hvítbók ráðuneytisins „Samfélag okkar allra“ frá 2024 en þar segir að markmið sé:

„Virkar rannsóknir á sviði innflytjendamála og miðlun rannsóknarniðurstaðna“.

Tækifærin sem felast í RMI

Getur orðið leiðandi í rannsóknum og umræðu um eitt helsta samfélagsmál samtímans

Vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf fræða, atvinnulífs og opinberra stofnana

Stuðlar að þekkingu og stefnumótun um samfélag byggt á jöfnuði, fjölbreytileika og inngildingu

Markmið og leiðir-RMI

01

RMI mun safna og greina gögn, þróa stöðluð mælitæki, miðla niðurstöðum og styðja við opinbera stefnumótun með faglegum tillögum.


02

Efla gagnreynda þekkingu og þróa lausnir við áskorunum innflytjenda og samfélagsins

03

Takast á við kerfislæg vandamál s.s. skort á samræmdum gögnum og stefnumótandi sýn

Meginmarkmið -RMI



Þjónusta og áhrif -RMI

Rannsóknamiðstöðin verður lykilauðlind fyrir alla sem vinna að málefnum innflytjenda:

Fræðimenn: fá aðgang að gögnum og greiningum sem efla þekkingu á málefnum innflytjenda

Stjórnvöld og stefnumótendur: nýta traustar rannsóknir til að móta stefnu og aðgerðir

Sveitarfélög: fá stuðning við þróun stefnu um inngildingu og samfélagssamhaldni

Félagasamtök og hagsmunaaðilar: fá ráðleggingar til að bæta þjónustu og hagsmunagæslu

Samtök og einstaklingar í framlínu stuðnings: fá aðgang að bestu starfsvenjum og gagnreyndum úrræðum



Starfsfólk og sérþekking

Leiðandi teymi: Markus Meckl mun, í samstarfi við stjórn og sérfræðinga innan HA og annarra háskóla, leiða starfsemi miðstöðvarinnar og mynda öflugt rannsóknateymi sem styrkir þekkingu, samráð og gagnreynd úrræði í innflytjendamálum.

- **Markus Meckl**, félagsvísindadeild – rannsóknir á inngildingu, tungumálanámi og innflytjendamálum
- **Hermína Gunnþórsdóttir**, Kennaradeild – sérfræðingur í innflytjendum og menntamálum
- **Valgerður Guðmundsdóttir**, lektor í lagadeild – sérfræðingur í innflytjenda- og haelisleitendalöggjöf
- **Birgir Guðmundsson**, félagsvísindadeild – rannsóknir á fjölmiðlun, fjölmiðlanotkun og boðmiðlun

Aðrir sérfræðingar HA: Andrea Hjalmsdóttir (Félagsvísindadeild), Berglind Hólm Ragnarsdóttir (Félagsvísindadeild), Eyrún Eypórsdóttir (Félagsvísindadeild), Anna Elísa Hreiðarsdóttir (Kennaradeild), Hermína Gunnþórsdóttir (Kennaradeild), Grétar Þór Eypórsson (Viðskiptadeild)

- **Einnig:** Hjúkrunarfræðideild, Iðjupjálfunardeild, Sálfræðideild, og ýmsir samstarfsaðilar innan og utan Íslands.

Fjármögnun

01

Fjármögnun
verður sótt bæði
innanlands og á
alþjóðavettvangi

02

Innlendir aðilar:
ráðuneyti, Rannís,
byggðasjóðir

03

Erlendir aðilar:
norrænir sjóðir,
EES-styrkir

Yfirstjórn RMI

- Þrír fulltrúar (og varamenn þeirra) tilnefndir af forseta Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri;
- Að minnsta kosti einn fulltrúi frá samstarfsstofnunum eða hagaðilum, sem tengjast markmiðum Rannsóknarmiðstöðvarinnar, s.s. ráðuneytum, sveitarfélögum, frjálsum félagasamtökum, sem tilnefndur er af forseta Hug- og félagsvísindasviðs í samráði við samstarfsaðila;
- Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn, og kýs sér sjálf formann;
- Stjórnin ákveður stefnu Rannsóknarmiðstöðvarinnar og gerir eftir þörfum framkvæmdaáætlun í samræmi við það.

Takk fyrir! 😊